

Áfengi – Hvað myndir þú gera?



1

Þú ert í partii og sérð einhverja drekka áfengi sem ættu ekki að gera það.

Hvað myndir þú gera?

**BÍDDU
AÐEINS OG
HUGSAÐU.**

BIBLÍAN SEGIR: „Vitur maður sér ógæfuna og felur sig en einfeldningarnir halda áfram og gjalda þess.“ – Orðskviðirnir 22:3.

Svaraðu eftirfarandi spurningum með þetta í huga.

Hvað gæti gerst ef þú ert áfram í partíinu?

Hvernig gætirðu farið án þess að gera mál úr því og það yrði gert grín að þér?

Ef það yrði gert grín að þér myndi það vera það *versta* sem gæti gerst?

TILLAGA

Semdu við foreldra þína um að hringja í þau eða senda þeim skilaboð ef þú skyldir þurfa að fara fyrr heim.



Það sem ég ætla að gera ef ég er í partii þar sem einhver fer að misnota áfengi:



Einhver reynir að fá þig til að drekka.

Hvað myndir þú gera?

**BÍDDU
AÐEINS OG
HUGSAÐU.**

BIBLÍAN SEGIR: Þið verðið „þrælar“ þess sem þið hlýðið. – Rómverjabréfið 6:17.

Svaraðu eftirfarandi spurningum með þetta í huga.

Hvað gæti gerst ef þú bregst ekki ákveðið við?

Hvers vegna er mikilvægt að hafa sjálfstraust til að standast hópþrýsting?



TILLAGA


Undirbúðu fyrirfram það sem þú gætir sagt. „Ég segi oft: ‚Nei, ekki núna‘. Þá hætta fólk að þrýsta á mig og spyr mig yfirleitt ekki aftur.“ – Brianna.

Það sem ég ætla að segja ef einhver reynir að fá mig til að drekka:

3

Pú ert úti með vinum þínum og áttar þig á að ökumaðurinn hefur neytt áfengis.

Hvað myndir þú gera?



**BÍDDU
AÐEINS OG
HUGSAÐU.**

BIBLÍAN SEGIR: „Eigðu samneyti við vitra menn, þá verður þú vitur, en illa fer þeim sem leggur lag sitt við heimskingja.“
– Orðskviðirnir 13:20.

Svaraðu eftirfarandi spurningum með þetta í huga.

Hvað gæti gerst ef þú leyfðir honum að keyra þig heim?

Hvaða aðrir möguleikar eru í stöðunni?

Hvernig gæti ákvörðun þín hjálpað ökumanninum og öðrum?



TILLAGA

Forðastu aðstæður sem gætu leitt til þess að þú sért í bíl með þeim sem eru þekktir fyrir að vera óáreiðanlegir. Vertu alltaf með varaáætlun til að komast leiðar þessar.

Það sem ég ætla að gera ef ökumaðurinn hefur neytt áfengis:
